

MANNAUÐSSTEFNA

Hjá Verkís starfar metnaðarfullt starfsfólk sem sinnir verkefnum sínum af heilindum og fagmennsku. Við leggjum áherslu á að byggja upp sterka liðsheild sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu og getur tekist á við krefjandi verkefni. Uppbyggileg og heiðarleg samskipti eru í fyrirrúmi hjá okkur ásamt því að hugað er vel að heilsu, öryggi og vellíðan starfsfólks. Við tryggjum starfsfólki góðan og eftirsóknarverðan vinnustað þar sem hver og einn einstaklingur nær að nýta hæfileika sína og þekkingu sem best. Við höfum gildi Verkís að leiðarljósi í öllu okkar starfi: Heilindi - Metnaður - Frumkvæði.



STERKUR HÓPUR STARFSFÓLKS SEM SKILAR FRAMÚRSKARANDI VINNU

Við leggjum áherslu á að hafa í okkar röðum hæft og faglegt starfsfólk sem leitar alltaf bestu lausna fyrir viðskiptavinum. Við sýnum frumkvæði og metnað í öllu okkar starfi og vinnum sameiginlega að markmiðum Verkís. Við leggjum okkur fram um að hafa fjölbreytni í starfsmannahópnum sem skilar okkur sterkara og betra fyrirtæki.

JÖFN TÆKIFÆRI FYRIR ALLT STARFSFÓLK

Við leggjum ríka áherslu á að hver og einn einstaklingur sé metinn að verðleikum og að allt okkar starfsfólk fái jöfn tækifæri hjá fyrirtækinu m.a. hvað varðar starfsþróun, hlutverk í verkefnum, þjálfun og endurmenntun. Við erum jafnlaunavottað fyrirtæki og tryggjum þannig að fyllsta jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Við bjóðum upp á góðan sveigjanleika í starfi til að starfsfólk geti samræmt einkalíf og vinnu á sem bestan máta.

ÁNÆGÐ LIÐSHEILD SEM BYGGIR Á JÁKVÆÐRI FYRIRTÆKJAMENNINGU

Við byggjum upp jákvæða fyrirtækjamenningu með heiðarlegum og uppbyggilegum samskiptum. Við hvetjum starfsfólk til að eiga opin og jákvæð skoðanaskipti og að sýna gagnkvæma virðingu. Hjá okkur er góður og skemmtilegur starfsandi þar sem starfsfólk er ánægt og nýtur sín vel.

GÓÐ TÆKIFÆRI TIL STARFSÞRÓUNAR MEÐ STÖÐUGRI FRÆÐSLU OG ÞJÁLFUN

Við fjárfestum sífellt í fræðslu og þjálfun starfsfólks og aukum þannig við þekkingu og hæfni innan fyrirtækisins. Við bjóðum upp á góð og fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar og hvetjum starfsfólk til að nýta sér þau. Með stöðugri fræðslu og þróun í starfi er starfsfólk betur undirbúið að takast á við ný og metnaðarfull verkefni.

ÖRUGGT STARFSUMHVERFI ÞAR SEM HUGSAÐ ER UM HEILSU OG VELLÍÐAN STARFSFÓLKS

Við leggjum mikla áherslu á heilsu, vellíðan og öryggi starfsfólks og hvetjum og styðjum það til heilsusamlegra lífshátta. Hvers konar óviðeigandi hegðun svo sem einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni eða ofbeldi er ekki liðin hjá fyrirtækinu.

ÖFLUG FORYSTA SEM VEITIR GAGNLEGA ENDURGJÖF OG SÝNIR GOTT FORDÆMI

Við höfum öflug forystu sem gengur fram með góðu fordæmi og skapar jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. Við leggjum áherslu á uppbyggilega endurgjöf stjórnenda um frammistöðu starfsfólks og að stjórnendur hvetji til framþróunar í starfi. Við erum með virka upplýsingagjöf og skýra og aðgengilega verkferla.



Samþykkt af framkvæmdastjóra 1. júlí 2024
F.h. Verkís

Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri